

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 18. tbl. 5. árg. 1. desember. 2011

Fjárhagsáætlun fræðslu- og uppeldismála 2012.

Í síðasta tölublaði var fjallað stuttlega um fjárhagsáætlun grunnskólanna en nú verður augunum beint að leikskólunum.

Gjaldskrá vegna vistunar barna hækkar um 12%. Bætt er inn í gjaldskrána nýjum hópi foreldra sem greiða lægra gjald og eru það foreldrar barna þar sem annað er í námi og hitt foreldrið atvinnulaust. Gjaldskrá vegna fæðis er hækkuð um 5%. Þessi leiðrétting þýðir að hlutur foreldra í rekstri leikskólanna fer úr 21,2% miðað við endurskoðaða áætlun 2011 í 22,7% fyrir árið 2012. Hér er miðað við heildartekjur sem hlutfall af brúttókostnaði leikskólanna.

Launakostnaðurinn hækkar um 108 m.kr. frá upphaflegri áætlun 2011. Þessi hækkun er aðallega til komin vegna nýrra kjarasamninga. Stöðugildum vegna sérkennslubarna hefur fjölgað um 2, stöðugildum vegna stjórnunar um 1,20 og stöðugildum vegna barngildafjölgunar um 2,52 frá áætlun ársins 2011.


Gert er ráð fyrir hagræðingu í eldhúsum leikskólanna, morgunmaturinn hefur verið tekinn út en í hans stað kemur ávaxtatími, sem kemur til viðbótar við ávaxtatíma seinna að morgni. Einnig er gert ráð fyrir sameiningum á eldhúsum, þó ekki liggi fyrir hvaða eldhús verði sameinuð.

Leikskólabörnum fjölgar um 14 milli ára og sölutímum um 166. Að auki er gert ráð fyrir 20 barna fjölgun frá sept.– des. Þetta er vegna þess að árgangur 2010 er mjög fjölmennur, en það hefur í för með sér að væntanlega verður snúið að bjóða 18 mánaða börnum leikskólaláss næsta haust. Til þess að mæta þessari fjölgun er reiknað með fleiri rýmum í Naustatjörn í samstarfi við Naustaskóla.

Í áætluninni er gert ráð fyrir því að hækkun á þjónustuliðum, vörukaupum og viðhaldsliðum verði 2% milli ára.

Þegar á heildina er litið verða því ekki grundvallarbreytingar á rekstri eða starfsumhverfi skólanna á næsta ári. Það getur hins vegar verið fróðlegt að skoða myndrit yfir þróun kostnaðar í krónum pr. nemanda í leikskólum s.l. 12 ár sem reiknaður er á verðlagi fyrstu 8 mánaða ársins 2011. Hér sést vel hvaða áhrif fjölgun leikskóla og lækkun leikskólalagjalda hafði á þróun kostnaðar á árunum 2004 – 2007 og þá einnig áhrif hagræðingaraðgerða frá 2009.

Gunnar Gíslason fræðslustjóri.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólastefna Akureyrarbæjar.

Á næstu vikum munu birtast hér áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Viðmið um gæði

Tilgangur og skipulag.

Markmið: Skólar Akureyrarbæjar nýti sér þá auðlind sem felst í því að hafa nemendur úr ólíkum menningarsamfélögum.

Í góðum skóla...

- er hagnýttur sá menningarlegi fjölbreytileiki sem nærsamfélagið býr yfir til náms og kennslu.
- er gert ráð fyrir fjölbreytileika í öllum nemendahópum og byggt á því að nýta hann til að efla víðsýni og umburðarlyndi nemenda.
- er lögð áhersla á að nemendur skilji og upplifi að í öllum samfélögum manna eru mismunandi menningarheimar.
- er borin virðing fyrir öllum einstaklingum, ólíkri menningu og siðum.

Tónlistarskólinn á Akureyri, tónleikar á aðventunni.

Aðventan er alltaf frekar annasamur og ánægjulegur tími í Tónlistarskólanum við undirbúning jólatónleika. Jólalögin hljóma úr flestum kennslustofum og kennarar koma sönglandi jólalögin fram á kaffistofu. Flestar deildir skólans eru með jólatónleika og verða þeir fyrstu haldnir laugardaginn 3. desember kl. 11:00, en það eru jólatónleikar og jólaball Suzukideildarinnar. Ritmiska deildin verður með sína jólatónleika mánudaginn 5. desember kl. 18:00 og gítardeildin þann 6. desember og hefjast þeir tónleikar einnig kl. 18:00.

Jólatónleikar strengjasveitanna verða miðvikudaginn 7. desember kl. 17:00 og kl. 19:00 sama dag er píanódeildin með tónleika. Þann 14. desember eru tvennir tónleikar, kl. 18:00 eru jólatónleikar blásarasveitanna og kl. 20:00 eru blandaðir jólatónleikar, má segja að þeir tónleikar séu þverskurður frá deildum skólans. Við endum svo tónleikadagskrána fyrir jól með slagverkstónleikum þann 19. desember kl. 18:00 og söngdeildin syngur okkur síðan inn í jólin þriðjudagskvöldið 20. desember kl. 20:00. Allir tónleikarnir verða í Hömrum í Hofi og hvetjum við Akureyringa til að koma og njóta aðventunnar með nemendum TA.



Mynd frá jólatónleikum Stórsveitar Tónlistarskólans sl. laugardag í Hofi.

Rannsókn á lestrarvenjum og viðhorfum barna til lesturs.

Á undanföllum árum hefur hópur fræðimanna í fjórum háskólum í Evrópu unnið að rannsókn á lestrarvenjum barna á aldrinum 8–11 ára og jafnframt notkun barnabókmennta í skólastarfi. Markmiðið var að afla upplýsinga um stöðu mála, greina þær og kynna svo niðurstöður með fjölbreyttum hætti, með vefsíðu, á ráðstefnum, með greinaskrifum og útgáfu bæði skýrslu og kennsluefnis. Verkefnið var styrkt af Evrópu-sambandinu (Lifelong Learning Program). Háskólinn á Akureyri tók þátt í verkefninu ásamt Háskóla Vestur-Englands í Bristol á Englandi, Háskólanum í Murcia á Spáni og Gazi Háskóla í Ankara í Tyrklandi.

Fyrir hönd HA tóku þátt Kristín Aðalsteinsdóttir prófessor við hug- og félagsvísindasvið og Guðmundur Engilbertsson sérfræðingur á miðstöð skólaþróunar og lektor við hug- og félagsvísindasvið. Unnið var að rannsókn þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir börn og kennara í löndunum fjórum og niðurstöður greindar tölfræðilega, settar í fræðilegt samhengi og ræddar. Einnig voru tekin rýnihópaviðtöl við börn og kennara til að fá frekari upplýsingar um lestur og notkun barnabókmennta í skólastarfi. Útbúnaður voru leiðbeiningar fyrir kennara um notkun barnabókmennta í skólastarfi og eru þær aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins á ensku og spænsku. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér staka þætti rannsóknar, skýrslu og kennsluefni er bent á vefsíðu verkefnis <http://www.um.es/childrensliterature/site/>

Fréttir frá Hriseyjarskóla.

Á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember sl. var haldið foreldrakaffi í skólanum.

Foreldrakaffi í Hriseyjarskóla eru þrjár á vetri en þá sýna nemendur afrakstur verkefna og koma ýmsu á framfæri við foreldra og velunnara skólans. Að þessu sinni var undankeppni Stóru upplestrarkeppinnar, kynning á Danmerkurféð elstu deildar sem farin var í vor og afhending Grænfánans í fjórða sinn. Hriseyjarskóli fékk fánann fyrstur skóla á Norðurlandi afhentan 30. maí 2005. Það var fulltrúi frá Landvernd sem afhenti umhverfisnefnd skólans fánann og var gengið fylktu liði með hann og honum skipt út fyrir gamla fánann. Grænfáninn er alþjólegt umhverfismerki sem nýtur virðingar víða um heim sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum.

Í lok október fóru nemendur miðeildar ásamt tveimur nemendum elstu deildar og kennurum til Færeyja að heimsækja skóla í Kvívík. En samstarf hefur verið á milli skólanna í eitt ár. Hópurinn dvaldi í fimm daga við leik og störf og munu Færeyingarnir koma í heimsókn til Hriseyjarskóla í vor.



Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 17. desember 2011